

Klofingur meðal kristilegra í Þýskalandi vegna skuldavanda Grikkja

Eftir Björn Bjarnason

Donald Tusk, forseti leiðtogaráðs ESB, sagði þriðjudaginn 31. mars að viðræður við Grikki um skuldamál væru svo flóknar að niðurstöðu væri ekki að vænta fyrr en undir lok apríl. Spenna vegna málsins er ekki aðeins á stjórnmalavettvangi í Grikklandi heldur einnig annars staðar á evru-svæðinu. Hefur skuldavandi Grikkja til dæmis leitt til opinbers klofnings meðal kristilegra í Þýskalandi.

Þriðjudaginn 31. mars tilkynnti Peter Gauweiler, varaformaður CSU í Bæjaralandi, systurflokks CDU, flokks Angelu Merkel kanslara, að Grikkland væri „gjaldþrota ríki“ og hann gæti ekki setið áfram á þinginu í Berlín þar sem ekki væri tekið tillit til andstöðu hans við þá samninga sem gerðir hefðu verið við Grikki og reynst hefðu með öllu gagnslausir.

Gauweiler hefur um árbil harðlega gagnrýnt fjárhagslegan stuðning við ofur skuldug ríki á evru-svæðinu. Hann varð varaformaður CSU í nóvember 2013 meðal annars til að friða evru- og ESB-gagnrýnendur innan flokksins.

Hann sagði á vefsíðu sinni að vegna varaformenskunnar hefði hann verið beittur þrýstingi á opinberum vettvangi til að greiða atkvæði gegn samvisku sinni í skuldamálunum. Hann gæti ekki starfað sem þingmaður við þær aðstæður.

Gauweiler gagnrýndi Horst Seehofer, formann CSU, einnig harðlega.

Nýi stjórnmalaflokkurinn Alternative für Deutschland (AfD) sem vill að Grikkir hverfi úr evru-samstarfinu hefur lýst áhuga á samstarfi við Gauweiler og þriðjudaginn 31. mars var honum boðið að ganga í flokkinn.